

***BORGARRÁÐ 31. janúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna framkvæmda við Kringlumýrabraut - R19010426***

Óskað er eftir upplýsingum um kostnað vegna framkvæmda við Kringlumýrabraut, veggj og stíga. Óskað er eftir upplýsingum um kostnað við hlaðna veggj í járngrindarbúrum á milli Miklubrautar og Tunguvegar. Sjá má hluta veggjanna frá horni Tunguvegar og Ásenda, vinna við þetta hefur staðið mánuðum saman. Líkur eru á að lagt hafi verið í óþarfa kostnað við framkvæmdir tengdar gangandi vegfarendum við Miklubraut. Hlaðnir veggir í járngrindarbúrum eru líklega dýrari en veggir úr jarðvegi og steinsteypu. Það þarf að réttlæta það sérstaklega ef farið er í dýrari framkvæmd en nauðsynleg er. Óskað er eftir viðbrögðum við þeirri fullyrðingu að ódýrara og fljótlegra hefði verið að steypa veggina.